

Fundargerð 126. fundar

fræðslumálanefndar sambandsins

Árið 2020, miðvikudaginn 13. maí kl. 13:00 kom fræðslumálanefnd sambandsins saman til fundar í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Anna Magnea Hreinsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Helgi Arnarson, Herdís Ása Sæmundardóttir og Skúli Þór Helgason.

Að auki sátu fundinn: Guðjón Bragason sviðsstjóri, Klara Eiríka Finnbogadóttir sérfræðingur, Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur, Valgerður Rún Benediktsdóttir lögfræðingur, Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi og Þórður Kristjánsson sérfræðingur í skólamálu, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Skólahald í heimsfaraldri - lærdómur og uppgjör - 2003024SA

Hömlum á skólastarf í leik-, grunn- og tónlistarskólum vegna Covid-19 var aflétt a.m.l. 4. maí sl. Fræðslumálanefnd ræddi stöðu mála og framgang skólahalds frá 16. mars sl. Fræðslumálanefnd ræddi hlutverk sambandsins og hvernig ætti að gera upp þetta tímabil og hagnýta þann lærdóm sem af því mætti draga. Fram kom í máli nefndarmanna að berlega hefði komið í ljós mikilvægi þess að sveitarfélögin hefðu sameiginlegan málsvara á óvissutímum og nytu leiðsagnar við úrvinnslu álitamála. Sveitarfélögin bæru, engu að síður, ábyrgð á sínum málum nema þegar lög um almannavarnir og viðbragðsáætlanir ríkisins gangi lengra.

Nefndin lýsti ánægju með gagnlega samráðsfundi menntamálaráðherra með rekstrar- og hagsmunaaðilum skólastarfs í landinu en taldi jafnframt að á þeim vettvangi hefði Grunnur, félag stjórnenda á fræðsluskrifstofum, einnig þurft að hafa umboð til veita upplýsingar um stöðu mála f.h. sveitarfélaga. Nefndin taldi mikilvægt að sambandið hefði forgöngu um e-s konar uppgjörsvinnu í kjölfar Covid-19 varðandi skóla- og fræðslumál sem og í öðrum málaflokkum.

2. TALIS 2018 - 1907013SA

TALIS rannsóknin, sem gerð var árið 2018 meðal kennara og skólastjóra, hefur verið kynnt í áföngum frá því í júní 2019. Menntamálastofnun mun gefa út skýrslu um niðurstöður TALIS II síðar í vor.

Á fundinn komu Ragnar F. Ólafsson og Kolfinna Jóhannesdóttir frá MMS en auk þess voru Björk Óttarsdóttir og Sonja Dögg Pálsdóttir, frá menntamálaráðuneytinu, gestir undir þessum fundarlið.

Í umræðum að lokinni kynningu Ragnars dró nefndin fram ýmsa áhugaverða þætti úr niðurstöðum sem ástæða er til að rýna betur í til aukins skilnings. Þættir eins og ósk um aukinn stuðning frá sveitarfélögum og ríki, stigvaxandi álag á stjórnendum

vegna fjarvista kennara og áberandi skortur á endurgjöf til kennara var meðal þess sem nefnt var.

Nefndin þakkaði fulltrúum MMS fyrir góða kynningu og umræður og lagði til að tekinn yrði upp þráðurinn frá því fyrir áramót um tillögur að frekari greiningu MMS á afmörkuðum þáttum TALIS II. Mikilvægt er að hagnýta niðurstöður eins og kostur er til þess að öðlast betri skilning á því sem liggur til grundvallar viðhorfum kennara og stjórnenda og er til þess fallið að auka gæði skólastarfs.

3. Kennaraskortur - 1609007SA

Aflað var upplýsinga frá nefndarmönnum í fræðslumálanefnd um stöðu ráðninga í kennarastöður við grunnskóla fyrir haustið í tengslum við nýliðunaraðgerðir stjórnvalda. Fram kom að gríðarleg aukning umsókna frá kennurum með leyfisbréf væri um lausar kennarastöður við grunnskóla og ljóst að það verður erfiðleikum bundið fyrir nema á lokaári kennaranáms að fá starfsnámsstöður í haust. Afar þýðingarmikið er að tryggja þá möguleika þeirra sem fyrst og ljóst að það verður ekki gert með öðrum hætti en breytingu á lögum nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu.

4. Endurmenntunarsjóður grunnskóla 2020-2021 - 1911001NA

Klara E. Finnbogadóttir, starfsmaður Endurmenntunarsjóðs grunnskóla, greindi frá úthlutun úr sjóðnum 2020 vegna verkefna sem koma eiga til framkvæmda skólaárið 2020-2021.

Alls bárust umsóknir um styrki til 187 verkefna frá 73 umsækjendum upp á rúmar 149 milljón króna. Ákveðið var að veita öllum verkefnum styrki og nam heildarfjárhæð styrkloforða kr. 53.490.000.

Ákveðið var að nýta ekki heimild 5. greinar í reglum um Endurmenntunarsjóð grunnskóla og því voru engin forgangsverkefni auglýst að þessu sinni. Margar umsóknir bárust um verkefni sem er ætlað að festa í sessi jákvæða hegðun, skapa góðan skólabrag og bæta líðan og félagsfærni nemenda. Einnig var töluvert sótt um verkefni sem er ætlað að bæta stuðning við tvítyngda nemendur og nemendur með lestrarörðugleika. Jafnframt var sótt um verkefni sem miða að því að auka færni kennara og nemenda í tölvu- og upplýsingatækni og um innra skipulag skólastarfs.

5. Íslensku menntaverðlaunin - 1809017SA

Íslensku menntaverðlaunin er viðurkenning fyrir framúrskarandi skólastarf, menntaumbætur og þróunarverkefni. Markmið verðlaunanna er að auka veg menntaumbótastarfs og vekja athygli samfélagsins á metnaðarfullu og vönduðu skóla- og frístundastarfi með börnum og unglingum.

Verðlaunin eru veitt í þremur aðalflokkum:

1. Framúrskarandi skólastarf eða menntaumbætur
2. Framúrskarandi kennari
3. Framúrskarandi þróunarverkefni

Að auki er veitt hvatning til einstaklings, hóps eða samtaka sem stuðlað hafa að menntaumbótum er þykja skara fram úr.

Tölvupóstur var sendur á framkvæmdastjóra sveitarfélaga, fræðslunefndir (formenn) og skólaskrifstofur 2. mars sl. Hægt er að senda inntilnefningar til 1. júní nk. Sjá nánar: <http://skolathroun.is/menntaverdlaun/>

Nefndin fagnaði endurreisn Íslensku menntaverðlaunanna og taldi mikilvægt að ítreka skilafrest tilnefninga á sem breiðustum vettvangi því hætt er við því að þessar upplýsingar hafi týnst í öllu Covid 19 faraldrinum sl. vikur. Fulltrúi sambandsins mun koma þeim skilaboðum í réttan farveg.

6. Vinnufundur með mennta- og menningarmálaráðherra 2019-2024 - 1912019SA

Fundargerð 4. samráðsfundar menntamálaráðherra og sambandsins frá 29. apríl sl. var lögð fram til kynningar.

Fundi var slitið kl. 15:00

Anna Magnea Hreinsdóttir

Einar Már Sigurðarson

Helgi Arnarson

Herdís Ásu Sæmundardóttir

Skúli Þór Helgason